

Guðbrandsmessa

eftir Hildigunni Rúnarsdóttur

&

Kórfantasía

eftir Ludwig van Beethoven

Langhóltskirkju,
sunnudaginn 14. maí kl. 20

Söngsveitin Fílharmónía

ásamt

Sínfóníuhljómsveit áhugamanna

Stjórnendur:

Magnús Ragnarsson
og Oliver Kentish

Einsöngvarar:

Hallveig Rúnarsdóttir,
Hildigunnur Einarsdóttir,
Þorbjörn Rúnarsson
og Fjölur Ólafsson

Einsöngur í Kórfantasíu:

Kriustrún Friðriksdóttir
og Hans Júlíus Þórðarson

Einleikari: Gerrit Schuil

Tónleikarnir eru haldnir í minningu
Jóns Stefánssonar, kórstjóra og organista við
Langholtskirkju

Söngsveitin Fílharmónía var stofnuð árið 1960 af Dr. Róbert Abraham Ottóssyni og öðru áhugafólki um flutning sígildra kórverka. Söngsveitin ræður til sín hljóðfæraleikara og einsöngvara eftir því sem tilefni er til hverju sinni og hefur á merkistímamótum fengið íslensk tónskáld til þess að semja verk fyrir kórinn. Hin síðari ár hefur verkefnum farið fjölgandi og kórinn hefur tekið til flutnings léttari tónlist af ýmsu tagi, auk hinna sígildu kórverka. Undanfarin ellefu ár hefur kórinn sungið undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar.

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna var stofnuð haustið 1990 og er vettvangur nemenda, tónlistarkennara og annarra hljóðfæraleikara til að iðka tónlist og viðhalda færni sinni. Fjöldi þekktra, íslenskra einleikara og einsöngvara hefur komið fram með hljómsveitinni og frumflutningur íslenskra verka hefur verið mikilvægur þáttur í starfi hennar. Aðalstjórnandi og listrænn leiðtogi síðustu 12 árin er Oliver Kentish. Hljómsveitin og Söngsveitin Fílharmónía hafa áður sameinað krafta sína. Í mars 2015 fluttu þau saman Theresienmessu eftir Haydn.

Magnús Ragnarsson stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík, Tónskóla Þjóðkirkjunnar og Tónlistarháskólann í Gautaborg. Þá stundaði hann framhaldsnám í kórstjórn hjá Stefan Parkman við Háskólann í Uppsöllum. Magnús starfar sem organisti í Áskirkju og stjórnar Melodiu, kammerkór kirkjunnar, en kennir einnig kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og Listaháskóla Íslands. Magnús var ásamt Söngsveitinni Fílharmóníu tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir túlkun sína á Þýskri sálumessu eftir Brahms í október 2014 og á síðasta ári var hljómdiskur Melodiu undir hans stjórn tilnefndur sem plata ársins.

Oliver Kentish hefur verið tengdur Sinfóníuhljómsveit áhugamanna allt frá stofnun hennar, bæði sem hljómsveitarstjóri og hljóðfæraleikari. Hann hóf sellónám í London tólf ára gamall, stundaði framhaldsnám við Royal Academy of Music þar sem aðalkennari hans var Vivian Joseph og fluttist til Íslands 1977 til að leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Síðan þá hefur hann tekið virkan þátt í íslensku tónlistarlífi sem hljóðfæraleikari, kennari, stjórnandi og tónskáld. Hann hefur þrívægis verið staðar-tónskáld á Sumartónleikum í Skálholti og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna hefur notið þeirra forréttinda að frumflytja nokkur verka hans, nú síðast í mars sl. þegar flutt var Night Music fyrir hljómsveit og einleikstrompet þar sem David Coleman lék einleik.

Hildigunnur Rúnarsdóttir stundaði nám við tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík með tónsmíðar sem aðalgrein og lauk þaðan prófi vorið 1989. Síðan nam hún tónsmíðar, hjá Professor Günter Friedrichs í Hamborg og Svend Hvidtfelt Nielsen í Kaupmannahöfn. Helstu verk hennar, auk Guðbrandsmessunnar, eru m.a. barnaóperan Hnetu-Jón og gullgæsin, Blandaðir dansar fyrir hljómsveit, Konsert fyrir fiðlu og hljómsveit og tónlist í heimildamyndina Veðrabrigði. Einnig liggur eftir hana fjöldi kórverka og sönglaga. Hildigunnur var nýlega valin tónskáld mánaðarins hjá hinu virta kórsamfélagi Choralnet.org og fékk einnig Silver Platter Award frá Composers' Society einnig hjá Choralnet. Hildigunnur starfar nú við tónsmíðar, kennslu og söng í Reykjavík ásamt því að sitja í stjórn Íslenskrar tónverkamiðstöðvar

Hallveig Rúnarsdóttir hóf söngnám hjá Sigurði Demetz árið 1991, lauk 8. stigi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Rutar L. Magnússon og útskrifaðist með láði frá Guildhall School of Music and Drama í London 2001 þar sem aðalkennari hennar var Theresa E. Goble. Hallveig hefur sungið sópranhlutverkið í mörgum helstu stórverkum tónbókmenntanna og margoft komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, auk fjölda annarra hljómsveita bæði hér á landi og erlendis. Hallveig hefur verið virk í flutningi nýrrar tónlistar og hefur frumflutt mörg ný íslensk verk. Hún hefur oft sinnis verið tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna og Grímuverðlauna fyrir söng sinn og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngkona ársins í sígildri- og samtímatónlist árið 2013 fyrir hlutverk sitt sem Michaëla í Carmen hjá Íslensku óperunni.

Hildigunnur Einarsdóttir söng öll sín æskuár í barnakór hjá Margréti Pálmadóttur og síðar í Hamrahlíðarkórnum undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur. Hún lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík 2010 undir handleiðslu Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur og Signýjar Sæmundsdóttur og stundaði framhaldsnám í Þýskalandi og Hollandi hjá Janet Williams og Jóni Þorsteinssyni. Hildigunnur er félagi í Schola Cantorum, Barbörukórnum og kór Íslensku óperunnar, og stjórnar sjálf m.a. Kvinnakórnum Kötlu ásamt Lilju Dögg Gunnarsdóttur og Hljómi sem starfar við Neskirkju. Hún kemur reglulega fram sem einsöngvari og af nýlegum verkefnum má nefna Jónaóratoríu og Jóhannespassíu Bachs, Messías eftir Händel og nú síðast Júdas Maccabeus eftir Handel með kór Neskirkju. Hildigunnur var tilnefnd til íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2014 fyrir túlkun sína á sönglögum Karls O. Runólfs-sonar með kammerhópnum Kúbus.

Þorbjörn Rúnarsson hefur verið virkur í kórstarfi frá barnsaldri. Hann nam söng hjá Sigurði Demetz og W. Keith Reed. Þorbjörn hefur sungið einsöng í tveimur uppfærslum Íslensku Óperunnar, Almaviva greifa í Rakaranum í Sevilla og Beadle Bamford í Sweeney Todd. Einnig söng hann Ferrando í Cosi fan Tutte og Tamínó í Töfraflautunni með Óperustúdíói Austurlands. Þorbjörn hefur margsinnis sungið hlutverk guðspjallamannsins í Jóhannesarpassíu og Jónaórátoríu Bachs. Þorbjörn hefur sungið í ótal kórum, m.a. Hljómeyki, Kór Íslensku óperunnar, Hamrahlíðarkórnum, Háskólakórnum, Mótettukór Hallgrímskirkju, Söngsveitinni Fílharmóníu, Schola Cantorum og World Youth Choir.

Fjölur Ólafsson hóf nám í klassískum gítarleik 10 ára gamall en gerði sönginn seinna að aðalfagi sínu. Hann lauk framhaldsprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 2010 og BMus gráðu frá Hochschule für Musik Saar í Þýskalandi sumarið 2014. Fjölur hefur komið fram á fjölda tónleika í Þýskalandi og á Íslandi. Þar má nefna Ein Deutsches Requiem eftir Brahms, titilhlutverkið í Don Giovanni eftir Mozart með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, frumflutning á verki fyrir barítón og kammersveit eftir Tzvi Avni við texta eftir Paul Celan, sem og fjölda ljóða- og einsöngstónleika. Fjölur vann til verðlauna í Richard Bellon-keppninni 2011 og Joseph Suder ljóðakeppninni 2012. Hann var valinn bjartasta vonin í sígildri og samtímatónlist á Íslensku tónlistarverðlaununum 2013 og er styrktarhafi Tónlistarsjóðs Rótarý.

Gerrit Schuil er píanóleikari og hljómsveitarstjóri. Hann er Hollendingur að ætt og uppruna en gerði Reykjavík að heimaborg sinni árið 1993 eftir tónleikaferðalag um Ísland og varð brátt áhrifamaður í tónlistarlífi landsmanna. Á ferli sínum hér á landi hefur Gerrit Schuil meðal annars stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur og Íslensku óperunni. Einnig hefur hann skipulagt fjölmargar tónlistarhátíðir og tónleikaraðir og leikið á hljómdiskum með ýmsum fremstu söngvurum og hljóðfæraleikurum landsins. Árið 2010 hlaut Gerrit Schuil Íslensku tónlistarverðlaunin og fylgdi þeim nafnbótin Flytjandi ársins.



Guðbrandsmessa

Það ætlaði víst allt um koll að keyra þegar Guðbrandsmessa Hildigunnar Rúnarsdóttur var frumflutt í Langholtskirkju 18. apríl 2003, á föstudaginn langa. Kirkjugestir létu heilagleika dagsins ekki slá sig út af laginu, stöppuðu, klöppuðu og blístruðu og gagnrýnendur spöruðu ekki stóru orðin. „Tónlistin í öllum sínum fjölbreytileika undirstrikar og dregur fram innihaldið svo varla verður betur gert,“ sagði í dómi Jóns Ólafs Sigurðssonar í Morgunblaðinu um þetta stærsta og metnaðarfullsta verk Hildigunnar til þessa, sem tilnefnt var til Íslensku tónlistarverðlaunanna hið sama ár.

Messan er fyrir fjóra einsöngvara, blandaðan kór og hljómsveit, samin í tilefni af fimmtugsafmæli Kórs Langholtskirkju að beiðni kórsins og nefnd í höfuðið á Guðbrandi Þorlákssyni, lærdómsmanni og Hólabiskup.

Guðbrandsmessa er einstaklega glæsileg og áhrifamikil tónsmíð. Formið er þaulhugað, fullt af dramatískri stígandi og hnígandi. Einstök orð og hendingar eru lituð og draga þannig fram inntak messutextans, spennandi rytmaleikir sem ljá kraft og frumleika. Hljómsveitarvefurinn er spunninn úr hljóðfærum klassískrar Mozart-hljómsveitar þar sem andstæðurnar eru miklar; dynjandi trompetar og pákuslög í bland við angurvær tréblásturssóló þegar slíkt á við. Tónmálið er eins og Hildigunnar er von og vísa, lagrænt án þess að vera bundið af tóntegundakerfi. Stundum gegnsætt og brothætt, stundum völdugt og kraftmikið.

Andstæðurnar í verkinu eru miklar og spanna breitt tilfinningalitrof píslarsögunnar. Hér óma innileg bænaáköll og tígulegir gleðisöngvar, þjáning Kristis á krossinum dregin fram í dramatískum Credokafla þar sem pákuslögin minna á hamarshögg krossfestingarinnar og að loknum kraftmiklum og afar grípandi Sanctus-þætti tekur við hljóðlát niðurlag Agnus Dei kaflans, um lamb Guðs sem burt ber heimsins synd og gefur oss frið. Þar ómar látlaust og seiðandi stefið sem birtist tónskáldinu í draumi og leiðir hlustandann út í eilífðina.

Elísabet Indra Ragnarsdóttir

I

KYRIE

Kyrie eleison.

Christe eleison.

Kyrie eleison.

II

GLORIA

Gloria in excelsis Deo.

Et in terra pax hominibus
bonae voluntatis.

Laudamus te. Benedicimus te.
Adoramus te. Glorificamus te.

Gratias agimus tibi
propter magnam gloriam tuam.

Domine Deus, Rex coelestis,
Deus Pater omnipotens.

Domine Fili unigenite
Jesu Christe.

Dominus Deus, Agnus Dei,
Filius Patris.

Qui tollis peccata mundi,
miserere nobis.

Qui tollis peccata mundi,
suscipe deprecationem nostram.

Qui sedes ad dexteram Patris,
miserere nobis.

Quoniam tu solus sanctus
Tu solus Dominus.

Tu solus Altissimus, Jesu
Christe.

Cum Sancto Spiritu,
in gloria Dei Patris. Amen.

I

Drottinn, miskunna þú oss.

Kristur, miskunna þú oss.

Drottinn, miskunna þú oss.

II

Dýrð sé Guði í upphæðum.

Og friður á jörðu og
velþóknun yfir mönnunum.

Vér lofum þig, vér göfgum þig,
vér dýrkum þig, vér tignum þig.

Þakkir færum vér þér
sakir mikillar dýrðar þinnar.

Drottinn Guð, himneski
konungur,

Guð faðir, almáttugur.

Drottinn, Guðs einkasonur,
Jesús Kristur. Drottinn Guð, lamb
Guðs, sonur föðurins.

Þú sem burt ber syndir heimsins,
miskunna þú oss,

þú sem burt ber syndir heimsins,
heyr vora auðmjúku bæn,

þú sem situr við hægri hönd
föðurins, miskunna þú oss.

Því að þú einn ert hinn heilagi,

þú einn ert Drottinn,

þú einn ert hinn hæsti, Jesús
Kristur

með heilögum anda

í dýrð Guðs föður. Amen.

III

CREDO

Credo in unum Deum,

Patrem omnipotentem,
factorem coeli et terrae
visibilium omnium, et invisibilium.

Et in unum Dominum, Jesum
Christum Filium Dei unigenitum.
Et ex Patre natum
ante omnia saecula.

Deum de Deo, lumen de lumine,
Deum verum de Deo vero.
Genitum, non factum,
consubstantialem Patri,
per quem omnia facta sunt.
Qui propter nos homines,
et propter nostram salutem
descendit de coelis.
Et incarnatus est de Spiritu
Sancto ex Maria Virgine:
Et homo factus est.

Crucifixus etiam pro nobis:
sub Pontio Pilato passus,
et sepultus est.

Et resurrexit tertia die,
secundum Scripturas.
Et ascendit in coelum:
sedet ad dexteram Patris.

Et iterum venturus est cum
gloria iudicare vivos et mortuos:
cujus regni non erit finis.

III

Ég trúi á einn Guð,

föður almáttugan,
skapara himins og jarðar,
alls hins sýnilega og ósýnilega.

Og á einn Drottin Jesú Krist,
Guðs einkason,
sem er af föðurnum fæddur
frá eilífð,

Guð af Guði, ljós af ljósi,
sannur Guð af Guði sönnum,
fæddur, eigi gjörður,
samur föðurnum.
Fyrir hann er allt skapað.
Vegna vor mannanna
og vorrar sáluhjálpar,
steig hann niður af himni
klæddist holdi fyrir heilagan
anda af Maríu meyju og gjörðist
maður.

Hann var og krossfestur fyrir
oss á dögum Pontíusar
Pílatusar píndur og grafinn.

Hann reis upp á þriðja degi
samkvæmt ritningunum
og steig upp til himna,
situr við hægri hönd föðurins
og mun aftur koma í dýrð
að dæma lifendur og dauða.
Á ríki hans mun enginn endir
verða.

Et in Spiritum Sanctum,
Dominum, et vivificantem:
qui ex Patre Filioque procedit.

Qui cum Patre,
et Filio simul adoratur,
et conglorificatur:
qui locutus est per Prophetas.

Et unam sanctam catholicam
et apostolicam Ecclesiam.
Confiteor unum baptisma
in remissionem peccatorum.
Et expecto resurrectionem
mortuorum.
Et vitam venturi saeculi.
Amen.

IV

SANCTUS

Sanctus, sanctus, sanctus
Dominus Deus Sabaoth.
Pleni sunt coeli et terra
gloria tua.
Hosanna in excelsis.

Benedictus qui venit
in nomine Domini.

Hosanna in excelsis.
Sanctus, sanctus, sanctus
Dominus Deus Sabaoth.
Hosanna in excelsis.

VI

AGNUS DEI

Agnus dei,
qui tollis peccata mundi:
miserere nobis.

Og á heilagan anda,
Drottin og lífgjafann,
sem út gengur af föður og syni

og með föður og syni er tilbeðinn
og ávallt dýrkaður
og mælti af munn
spámannanna.

Og á eina, heilaga, almenna
og postullega kirkju.
Ég játa að ein sé skírni
til fyrirgefningar syndanna
og vænti upprisu dauðra
og lífs hinnar komandi aldar.
Amen.

IV

Heilagur, heilagur, heilagur ert
þú, Drottinn, Guð allsherjar.
Himnarnir og jörðin eru full af
dýrð þinni.
Hósianna í upphæðum.

Blessaður sé sá
sem kemur í nafni Drottins.

Hósianna í upphæðum.
Heilagur, heilagur, heilagur ert
þú, Drottinn, Guð allsherjar.
Hósianna í upphæðum.

VI

Ó, þú Guðs lamb,
sem burt ber heimsins syndir,
miskunna þú oss.

Agnus dei,
qui tollis peccata mundi:
miserere nobis.
Agnus dei,
qui tollis peccata mundi:
dona nobis pacem.

Ó, þú Guðs lamb,
sem burt ber heimsins syndir,
miskunna þú oss.
Ó, þú Guðs lamb,
sem burt ber heimsins syndir,
gef oss þinn frið.



Kórfantasía eftir Beethoven er einstætt tónverk í tónbókmenntunum. Teflt er saman fullskipaðri hljómsveit, fjögurra radda kór, fjórum einsöngvurum og píanóvirtúós. Á tímum formfestu hefur þurft umtalsverðan kjark til að bera annað eins á borð fyrir menningarneytendur. Og greinilega var mikið í húfi.

Tílefni tónsmíðarinnar var fjáröflunartónleikar 22. desember 1808 þar sem Beethoven sjálfur gegndi lykilhlutverki. Hann samdi öll tónverkin, var stjórnandi og einleikari. Á tónleikunum voru frumfluttar sínfóníurnar númer 5 og 6, og píanó-konsertinn númer 4. Þá voru fluttir kaflar úr C-dúr messunni sem hafði verið frumflutt árið áður, og rúsínan í pylsuendanum var Kórfantasían. Hún var samin seinni hluta desember svo bleikið var varla þornað á hljóm-sveitarpörtunum. Verkið hefst á einleikskafli píanósins. Hann lék Beethoven af fingrum fram á tónleikunum, þótti greinilega ekki taka því að skrifa hann út. Æfingátíminn var eðlilega af skornum skammti, enda fór flutningurinn talsvert úrskeiðis. Endurtekningar misfórust í miðju stykki og konsertmeisterinn lét hljómsveitina byrja aftur.

Það þarf ekki glöggskyggni til að koma auga á að aðalstef Fantasíunnar er nauðalíkt stefinu í síðasta kafla Níundu sínfóníunnar. Því er gjarnan haldið fram að Beethoven hafi verið að æfa sig fyrir þá Níundu þegar hann samdi Fantasíuna. Svo mikið er víst að hann prófar hér ýmsar hugmyndir sem sextán árum síðar birtast í síðusta kafla Níundu sínfóníunnar.

Söngsveitin Fílharmónía hefur áður tekist á við Kórfantasíuna, árin 1977 og 1984, bæði skiptin með Sínfóníuhljómsveit Íslands.

Schmeichelnd hold und lieblich
klingen unseres Lebens
Harmonien,
und dem Schönheitssinn
entschwingen Blumen sich,
die ewig blühn.
Fried und Freude gleiten
freundlich wie der Wellen
Wechselspiel.

Was sich drängte rauh und
feindlich, ordnet sich zu
Hochgefühl.

Wenn der Töne Zauber walten
und des Wortes Weihe spricht,
muss sich Herrliches gestalten,
Nacht und Stürme werden Licht.
Äuss're Ruhe, inn're Wonne
herrschen für den Glücklichen.
Doch der Künste Frühlingssonne
lässt aus beiden Licht entstehn.

Großes, das ins Herz gedruhen,
blüht dann neu und schön epor.
Hat ein Geist sich
aufgeschwungen,
hallt ihm stets ein Geisterchor.
Nehmt denn hin,
ihr schönen Seelen,
froh die Gaben schöner Kunst
Wenn sich Lieb und Kraft
vermählen,
lohnt den Menschen Göttegunst.

Undurfagrir ómar líða
yfir lífsins hljómborð;
urtir sem um eilífð lifa
efla dáð á hugarstorð;
friður gleði fylgir eftir,
fer og aldan bylgju fyr;
ljótt og illt í hölda heimi
hverfa skal í æða hydr.

Þegar tónar töfracullir
tjá með orðum vígsluseið,
þá mun dýrð úr dufti rísa,
deyr þá nótt á birtu leið;
sá sem lánið lífsins grípur,
líkamsró og hugarþrá,
sér að vorsól vænna lista
vekur ljós af báðum þá.

Himneskt fræ í hjartarótum
hefst úr jörð og á sín blóm;
hugur sem í hæðir flýgur
heyrir aðeins englaróm;
fögru sálir! flýtið ykkur,
fagnið glaðar hárrí list;
þegar elskan aflið kyssir
eignast mannkyn himnavist.

Kolbeinn Þorleifsson þýddi

Söngsveitin Fílharmonía

Sópran

Arndís Anna K. Gunnarsdóttir
Ása Sjöfn Lórens dóttir
Ásdís Björk Kristjánsdóttir
Bryndís Jóhannesdóttir
Brynhildur Pálmarsdóttir
Dagný Björk Guðmundsdóttir
Halla Björgvinsdóttir
Harpa Hrund Berndsen
Heiðrún Björt Sigurðardóttir
Hlín Kristbergsdóttir
Hólmfríður Steinþórsdóttir
Jóhanna Helgadóttir
Kristrún Friðriksdóttir
Sigríður Lilja Skúladóttir
Sólrún Jónsdóttir
Sólveig Gísladóttir
Sólveig Ýr Sigurgeirsdóttir

Alt

Agla Ástbjörnsdóttir
Ásdís Ármannsdóttir
Bára Elíasdóttir
Elínborg Kristjánsdóttir
Guðlaug Kristjánsdóttir
Hulda Hjartardóttir
María Guðmundsdóttir
Rannveig Magnúsdóttir
Sigurlaug Magnúsdóttir
Sigprúður Gunnarsdóttir
Sólrún Svava Skúladóttir
Tinna Ólafsdóttir
Una Strand Viðarsdóttir
Unnur Sigmarsdóttir
Vala Kolbrún Pálmadóttir

Tenór

Davíð Stefánsson
Egill Pálsson
Guðmundur Gauti Kristjánsson
Gunnar Freyr Steinsson
Hans Júlíus Þórðarson
Kristján Kristinsson
Ólafur Guðmundsson
Þengill Ólafsson
Þórsteinn Ágústsson

Bassi

Björn Reynir Halldórsson
Guðjón Emilsson
Gunnar Emil Ragnarsson
Gunnar Ólafsson
Haukur K. Bragason
Hersir Sigurgeirsson
Hrafnkell Orri Sigurðsson
Sigurður Örn Stefánsson
Sigurjón Halldórsson
Þorsteinn Þorsteinsson



Sinfóníuhljómsveit áhugamanna

1.fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Helga Ragnheiður Óskarsdóttir
Jónína Þórunn Thorarensen
Elísabet Vala Guðmundsdóttir
Auður Ýr Sigurðardóttir
Anna von Heynitz
Úlfhildur Ösp Indriðadóttir

2.fiðla

Drífa Örvarsdóttir
Sigríður Helga Þorsteinsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Helga Andrésdóttir
Hekla Arnardóttir
Brynhildur Höskuldsdóttir

víóla

Elín Björk Jónasdóttir
Finnur Jónsson
Sólrún Sigurðardóttir
Súsanna Friðriksdóttir

selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Sverrir Teitsson
Bianca Tighe

bassi

Kjartan Guðnason
Gunnar Hrafnsson

flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir
Karen Erla Karólínudóttir

óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

klarinett

Barclay Anderson
Magnús Pálsson

fagott

Sigríður Kristjánsdóttir
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

trompet

Gunnar Kristinn Óskarsson
Ingibjörg Ragnheiður Linnét

horn

Torfi Þór Gunnarsson
Halldór Bjarki Arnarson

básúna

Valgeir Geirsson

bassabásúna

Finnbogi Óskarsson

pákur

Frank Aarnink

Söngsveitin Fílharmónía og
Sinfóníuhljómsveit áhugamanna þakka fyrir
veturinn og hlakka til að takast á við ný og
spennandi verkefni næsta haust.

Fylgist með á facebook:

www.facebook.com/songsveitinfilharmonia

www.facebook.com/ahugasinfonia

